

Nd.

56. Frumvarp til laga

[51. mál]

um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Enginn má reka framleiðslu á vörutegund, sem gjald ber af að greiða samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollýfirvaldi, þar sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda kr. 2000.00 til ríkissjóðs.

Slíkt leyfisbréf má því aðeins láta af hendi, að réttur til verzlunar eða iðju-reksturs hafi ekki verið dæmdur af umsækjanda og hann hafi ekki áður verið sviptur leyfi til tollvörugerðar og uppfylli þessi skilyrði:

1. Sé heimilisfastur hér á landi, þegar leyfisbréfið er veitt, og hafi verið það síðasta árið.

2. Sé fjárráður.

3. Hafi forræði á búi sínu og hafi haft það síðasta árið. Hafi ekki orðið tvisvar gjaldþrota, nema komið hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.

4. Hafi ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almennings-áliti, og liggi ekki undir ákæru fyrir slíkan verknað.

5. Hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem talin er nauðsynleg til þess að reka tollvörugerð.

Nú missir maður eitthvert framangreindra skilyrða og fellur þá leyfisbréf hans úr gildi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari skilyrði fyrir því, að leyfisbréf megi láta af hendi, svo og um missi leyfisbréfs og hvernig framfylgja skuli slíkri leyfisviptingu.

2. gr.

Enginn má hefja tollvöruframleiðslu, nema hann hafi áður tilkynnt það toll-
yfirvaldi með minnst 14 daga fyrirvara. Skal hann þá hafa aflað sér húsnæðis,
sem fullnægir skilyrðum til tollvöruframleiðslu að dómi toll-
yfirvalds og fullnægir kröfum hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda.

Stöðvi tollvörugerðarmaður rekstur sinn um lengri tíma en einn mánuð í
senn, skal hann tilkynna það toll-
yfirvaldi með minnst 7 daga fyrirvara og sömu-
leiðis, ef hann hefur vörugerð að nýju.

3. gr.

Af vörum, sem framleiddar eru hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjald-
skrá, skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykur- og lakkrísvörur.

Gjald- skrár- nr.	Vörutegund.	Gjald- eining	Vörumagns- gjald Aurar
1.	Marzipan, það er möndlumassi blandaður sykri, perzipan og aðrar sykurblandaðar marzipan- og perzipanvörur	1 kg	1386
2.	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	—	1386
3.	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	—	1386
4.	Töggur (karamellur)	—	1386
5.	Sykruð ber og sykraðir ávextir, hlaup og aðrar svipaðar vörur, ef þær eru mótaðar í stengur, plötur eða önnur form	—	1386
6.	Lakkrísvörur sérhverrar tegundar	—	1386
7.	Önnur sætindi ótalin undir öðrum liðum	—	1386

2. kafli.

Súkkulaði, súkkulaði- og kakóvörur.

1.	Hreint súkkulaði alls konar, iðnsúkkulaði og suðusúkkulaði, sem hefur allt að 28% fituinnihald og er selt í 150 g umbúð- um eða stærri	—	693
2.	Annað iðn- og suðusúkkulaði	—	1386
3.	Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kreamsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, nógat- súkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	—	1386
4.	Kokosbollur	—	1386
5.	„Negrakossar“	—	1386
6.	Rjómalengjur	—	1386
7.	Aðrar kakóvörur	—	1386

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

1.	Kaffibætir	—	90
2.	Kaffilíki	—	396

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

1.	Gosdrykkir	1 l	117
2.	Maltöl	—	66

3. Annað öl	1 l	168
4. Óáfeng vín	—	693
5. Aldin- og linionaðisöft	—	140
6. Litað sykurvatn með kjörnum	—	462
7. Aðrir slíkir drykkir og vökvar	—	462

5. kafli.

Tóbaksvörur.

1. Vindlar	1 kg	7260
2. Vindlingar	—	9900

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur séu gjaldskyldar eftir lögum þessum, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Tollvörugjald það, sem um ræðir í 3. gr., skal greiða eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna $\frac{3}{4}$ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, $\frac{1}{4}$ allt að $\frac{3}{4}$ hálfa, en minna broti skal sleppt.

5. gr.

Vörur verða gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum jafnótt og þær eru framleiddar. Gjaldið skal vörugerðarmaður greiða til hlutaðeigandi tollyfirvalds, áður en varan er seld, látin í umboðssölu eða flutt burt af framleiðslustað.

Ráðherra getur þó með reglugerð heimilað innheimtumanni að veita frest á greiðslu gjaldsins, þó aldrei lengur en svo, að allt gjaldið sé greitt fyrir 15. næsta mánaðar á eftir. Gjaldfrest má binda skilyrðum, þ. á m. að vörugerðarmaður setji þá tryggingu, sem innheimtumaður tekur gilda.

Vörugerðarmaður skal skila innheimtumanni skýrslu innan viku frá lokum hvers mánaðar um gjaldskyld vörumagn í mánuðinum, vörubirgðir í byrjun og lok mánaðarins og framleitt og selt vörumagn í mánuðinum. Skýrslunni skulu fylgja samrit af sölunótum eða sölureikningum eða afhendingarnótum yfir hið gjaldskylda vörumagn, en á þeim skal greina nafn kaupanda vörunnar, vörumagnið í kílóum eða lítrum, tegundarheiti vörunnar og verð í krónum, enda er óheimilt að selja eða afhenda vöru, án þess að sölu- eða afhendingarnóta fylgi. Heimta má vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 145. gr. hegningarlaganna, um framtal vöru.

Hafi greiðsla gjaldsins ekki farið fram fyrir lok þess mánaðar, sem hún skal greiðast í, skal greiða dráttarvexti 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá getur tollyfirvald bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhendingu á öllum innlendum tollvörutegundum og efnivörubirgðum og látið lögregluna loka útsölu, vörugeymslu og verkstofu vörugerðarmanns og framfylgja banninu að öllu leyti, unz skil eru gerð á gjaldinu. Sama gildir og, ef vörugerðarmaður skilar ekki skýrslu yfir framleiðslu sína á réttum tíma, eða færir ekki bókhald sitt eins og fyrir er mælt.

6. gr.

Vörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og vörugerðarmaður hefur ekki látið af hendi, eða látið ólöglega af hendi, vörur, er hann á í umboðssölu, svo og allar efnivörur hans til tollvörugerðar, skulu vera að veði fyrir gjaldinu, vöxtum, sektum og kostnaði. Séu skil ekki gerð samkvæmt 5. gr., getur tollyfirvald selt þær birgðir af tilbúinni vöru og efnivörum, sem fyrirfinnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar gjaldi, vöxtum og kostnaði. Skal það gert á uppboði, er boðað sé með minnst viku fyrirvara, og má tollyfirvald krefjast greiðslu við hamarshögg. Náist þannig ekki næg fjárhæð til lúkningar gjaldi, vöxtum, sektum og kostnaði, má án undanfarinnar birtingar gera lögtak fyrir því, sem á vantar, í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Nú verður tollvara ósöluhæf, áður en vörugerðarmaður lætur hana af hendi og má þá undanþiggja hana gjaldi, enda sé hún eyðilögð undir eftirliti tollyfirvalds. Sama gildir, ef gallar koma fram á vöru, strax eftir afhendingu.

8. gr.

Heimilt skal fjármálaráðherra að endurgreiða gjald, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tolllaga um endursending vara og útflutningsskýrslur og skjöl þau, sem fylgja, bera það með sér, að vörurnar séu sendar til útlanda til sölu þar.

Þá skal og heimilt að endurgreiða tollvörugjald, sem greitt hefur verið af iðnsúkkulaði, framleiddu hér á landi, ef það hefur verið selt öðrum tollvörugerðarmanni til tollvöruframleiðslu. Slik endurgreiðsla má því aðeins fara fram, að vörugerðarmaður færi sönnur á, að hann hafi notað iðnsúkkulaðið til framleiðslu gjaldskyldrar vöru, sem hann hefur greitt tollvörugjald af.

9. gr.

Tollvörugerðarmönnum er óheimilt að láta af hendi vörur, gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, nema í sérstökum þar til gerðum umbúðum. Skal á umbúðunum greina heiti vörunnar, nafn eða firmaheiti vörugerðarmanns og innihald í lítrum eða kílóum.

Vörugerðarmaður skal afhenda tollyfirvaldi sýnishorn af öllum umbúðum af framleiðsluvörum sínum, innan 14 daga, eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi. Skulu sýnishornunum fylgja upplýsingar um, hver séu aðalefni vörunnar. Áður en sala vörutegundar hefst, sem vörugerðarmaður hefur ekki áður framleitt, eða breytt hefur verið umbúðum vöru, sem áður hefur verið framleidd, skal vörugerðarmaður senda tollyfirvaldi sýnishorn af vörunni eða umbúðunum 14 dögum áður en sala vörunnar hefst.

Verzlunum og öðrum smásölustöðum, sem selja vörur gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að hafa á boðstólum tollvörur, nema þær séu merktar þannig, að þær beri með sér frá hvaða framleiðanda þær eru. Vanræksla í þessum efnum varðar framleiðanda og seljanda sektum, og skulu vörurnar upptækar.

10. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að kanna tollvörubirgðir verzlana og annarra sölustaða, sem selja til neytenda gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum. Skulu á slíkum sölustöðum jafnan vera fyrir hendi innkaupareikningar yfir allar innlendar tollvörur, sem á boðstólum eru, og skal tollyfirvald hafa aðgang að þeim hvenær sem er.

11. gr.

Hver sá, sem kaupir eða tekur við vörum, sem gjaldskyldar eru eftir lögum þessum í því skyni að selja þær aftur, skal, ef hann veit eða hefur ástæðu til að ætla, að gjald verði ekki greitt af vörunum, tilkynna það hlutaðeigandi tollyfirvaldi án tafar. Vanræki hann það, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

12. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að rannsaka allt bókhald tollvörugerðarmanns og taka það til sín í því skyni. Einnig er tollyfirvaldi heimilt að rannsaka birgðir vörugerðarmanns af unnum og óunnum vörum og leggja fyrir hann að gera birgðatalningu undir tolleftirliti. Enn fremur er tollyfirvaldi heimilt að ákveða, að allar framleiddar vörur vörugerðarmanns skuli settar í geymslu undir lás eða innsigli tollgæzlunnar, og skal tollvörugerðarmaður sem endranær leggja til hæfilegt húsnæði fyrir vöruna.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merking umbúða, um afhending og sölu varanna, um allt bókhald vörugerðar og hverjum viðurlögum það sæti, ef bækur eru ekki færðar eins og fyrir er mælt, eða ef þær eru eyðilagðar, um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunnar og annað það, er að framkvæmd laganna lýtur og þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna, þar á meðal um gerð, sölu og notkun tollmerkja á einstakur eða allar tollvöruhegundir.

Enn fremur má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

14. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, verða sektum.

Verði vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína, efnivörur, birgðir, hversu mikið hann hefur selt af birgðum eða hann selur þær í heimildarleysi, án þess að gjaldið sé greitt, þá verður það hann sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Auk þess ber honum að greiða tvöfalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan. Verði eigi sannað, hve há sú upphæð hefur verið, skal ákveða hið tvöfalda gjald eftir málavöxtum.

15. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála. Sektir allar renna í ríkissjóð.

16. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning eftir reglum þeim, sem settar verða um opinber reikningsskil.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 60 frá 30. desember 1939, um gjald af innlendum tollvöruhegundum.

Leyfisbréf til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir nokkru skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvöruhegundum. Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Ólafur Jónsson, fulltrúi, af hálfu fjármálaráðuneytisins, Stefán Thorarensen, lyfsali, af hálfu Félags ísl. iðnrekenda, og Sveinn Þórðarson fulltrúi, tilnefndur af tollstjóra.

Nefndin gat eigi orðið á eitt sátt og skilaði tveimur frv. til ráðuneytisins. Stóðu að öðru þeir Ólafur Jónsson og Sveinn Þórðarson, en hinu Stefán Thorarensen.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum samhljóða frv. meiri hluta nefndarinnar, en inn í frv. hafa verið teknar nokkrar breytingar eftir tilmælum tollstjórans í Reykjavík, og hefur áður nefndur meiri hluti nefndarinnar fallið á þær.

Svo breyttu fylgir frv. eftirfarandi greinargerð frá meiri hluta nefndarinnar:

Um 1. gr.

Fyrsta mgr. er samhljóða 1. gr. núgildandi laga, nema að því leyti, að leyfisgjaldið hefur verið hækkað úr kr. 100.00 í kr. 2000.00 og skal renna til ríkissjóðs, en ekki til bæjarsjóðs, eins og lögin ákveða.

Þá eru í greininni sett ákvæði um skilyrði fyrir því, að leyfisbréf til tollvöruframleiðslu megi láta af hendi og eru þau svo til samhljóða skilyrðum til verzlunarleyfis. Slík skilyrði hafa ekki verið í lögum um innlent tollvörugjald áður.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, samin með hliðsjón af dönskum lögum.

Um 3. gr.

Svarar til 2. gr. laganna.

Gjöld gjaldskrárinnar eru grunngjöld samkv. lögunum að viðbættu heimiluðu álagi samkv. lögum nr. 91/1954, sbr. d-lið í 1. gr.

1. kafli gjaldskrárinnar er óbreyttur, en aftan við heiti flestra gjaldskrárliða hefur verið bætt skýringum.

Í öðrum kafla frv. eru 7 gjaldskrárliðir, en 5 í lögunum. 3.—6. gjaldskrárliður eru samhljóða 2.—5. gjaldskrárlið 2. kafla gjaldskrárlaganna, en 1. lið hefur verið breytt þannig, að við hann hefur verið bætt setningunni: „sem hefur allt að 28% fituinnihald og selt er í 150 g. umbúðum eða stærri“. Er þetta nýmæli, tekið úr norskum lögum, sett í þeim tilgangi að ákveða, hvað skuli teljast iðn- og suðusúkkulaði. Í lögum hefur slíkt ákvæði vantað mjög tilfínanlega.

2. og 7. gjaldskrárl. þessa kafla eru nýir liðir. Ákvæði 7. liðar eru sett með það fyrir augum, að tryggja það, að gjaldskyldan taki einnig til vara, sem búnar eru til úr kakói, en eru hliðstæðar súkkulaðivörum.

Aðrir kaflar gjaldskrár frv. eru að mestu samhljóða tilsvareandi köflum í gjaldskrá laganna.

Um 4. gr.

Samhljóða 3. gr. laganna.

Um 5. gr.

1. mgr. þessarar gr. svarar til 1. mgr. laganna, en er mun ýtarlegri.

Í 2. mgr. gr. er heimild til greiðslufrests. Hliðstæð ákvæði eru til í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935.

Í 3. mgr. eru ákvæði um skýrslugjöf o. fl., sem áður voru reglugerðarákvæði, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, en eru mun ýtarlegri.

Í 4. mgr. eru ákvæði um dráttarvexti, sem eru algert nýmæli. Þar eru einnig ákvæði um bann við framleiðslu og sölu og um lokun verkstofu o. s. frv. Ákvæði þessarar mgr. eru samin með hliðsjón af 3. mgr. 6. gr. áðurgreindrar reglugerðar.

Um 6. gr.

Svarar að mestu til 5. gr. laganna.

Um 7. gr.

Nýmæli.

Um 8. gr.

Fyrri mgr. gr. er að efni til samhlj. 4. gr. laganna.

Síðari mgr. gr. er nýmæli, sett með það fyrir augum, að veita heimild til endurgreiðslu á gjaldi af iðnsúkkulaði, ef gjaldið hefur verið tvígreitt. Líklegt er, að hinir smærri tollvöruframleiðendur muni framvegis kaupa iðnsúkkulaði til framleiðslu sinnar að mestu leyti hjá innlendum framleiðendum. Greiðir þá framleiðandinn fyrst gjald af iðnsúkkulaðinu og síðar kaupandinn, er hann hefur unnið úr því. Gjald af iðnsúkkulaði getur þannig orðið tvígreitt. Heimild til endurgreiðslu í slíkum tilfellum er því nauðsynleg.

Um 9., 10., 11. og 12. gr.

Nýjar greinar með nýmælum, settum til tryggingar gjaldheimtunni.

Ákvæði hliðstæð ákvæðum 12. gr. eru til í 2. mgr. 5. gr. og í 7. gr. reglugerðar nr. 9/1935.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til fyrri mgr. 6. gr. laganna, en í greinina hefur verið bætt ákvæðum um tollmerki, sem eru nýmæli.

Um 14. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 7. gr. laganna, en sektarákvæðum hefur verið breytt. T. d. er ákveðið, að greiða skuli tvöfalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan, en í lögunum er ákveðið þrefalt gjald.

Um 15., 16., 17. og 18. gr.

Að mestu samhljóða 8.—11. gr. laganna.